

Eystrahorn

28. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 26. ágúst 2021

www.eystrahorn.is

Meistaraflokkur kvenna



Um liðna helgi kláraðist keppnissumar meistaraflokks kvenna. Þær enduðu mótið á góðri ferð norður til Akureyrar og unnu þar góðan sigur á Hömrunum 4 – 2. Samira Suleman og Guðrún Ása Aðalsteinsdóttir skorðu sitt hvor tvö mörkin.

Deildarfyrikomulagið í ár var ekkert til að hrópa húrri yfir. Þrettán lið skráðu sig til leiks og taldi Knattspyrnusamband Íslands það vera of mörg lið til að spila tvær umferðir og niðurstaðan sú að spiluð yrði einföld umferð - 12 leikir og

í kjölfarið úrslitakeppni fyrir efstu fjögur liðin.

Eftir erfiða byrjun á tímabilinu náði liðið að stilla sig betur saman og seinni hluta sumars var uppskeran 13 stig í síðustu 6 leikjunum, sem skilaði liðinu í 7 sæti, ekki langt frá sæti í úrslitakeppninni.

Leikmenn liðsins eru að bæta sig og ungir leikmenn að fá mikilvæga reynslu í meistaraflokksfótbolta.

Ef horft er yfir sumarið og það borið saman við síðasta tímabil er Sindraliðið að gera betur á öllum sviðum. Skoruð

mörk fóru úr 19 í 27, mörk fengin á sig úr 33 í 26 og stigaföldi úr 11 stigum í 19. Ef við höldum áfram að skoða tölfræði er annar punktur sem gaman er að benda á. Í sumar spiluðu 20 leikmenn fyrir meistaraflokk kvenna, af þeim 20 voru 14 leikmenn uppaldir hjá félaginu. Þetta sýnir okkur hversu öflugt starf hefur verið unnið hjá félaginu síðastliðin ár.

Meistaraflokkur kvenna vill þakka öllum þeim sem mættu á leiki í sumar og studdu við bakið á liðinu.

ÁFRAM SINDRI!

Flokkunarstöðvar á Höfn í Hornafirði



Áhaldahúsið hefur nú lokið við að setja upp tvær flokkunarstöðvar, við Miðbæ og á Óslandshæð.

Stöðvarnar eru hugsaðar fyrir ferðamenn og aðra vegfarendur sem eiga leið hjá. Boðið er upp á losun á óflokkuðu sorpi, endurvinnanlegu plasti, pappír, pappa og málmum og skilgaldskyldum dósnum og flöskum.

Vænst er þess að vel verði tekið á móti þessari viðbót við sorphjónustuna á Höfn, fólk flokki rétt og að vel verði gengið um.

Viltu koma og vera með í hlaupahóp?

Langar þig að byrja að hlaupa en veist ekki hvar á að byrja? Ertu að hlaupa en vilt vera í hlaupahóp? Hlaupahópurinn er fyrir breiðan hóp áhugasamra byrjenda eða lengra komna og möguleiki á þjálfun í utanvegahlaupum.



Í boði verður m.a.:

3 hlaupaæfingar á viku (þri, fim og lau)
Þjálfari til staðar á æfingum
Byrjendur velkomnir!
Mismunandi hlaupaæfingar eftir getu
Facebook hópur
Hlaupateyndir viðburðir í vetur
Fræðslukvöld í Heklu



Helga Árnadóttir í samstarfi við frjálssþróttadeild Umf Sindra ætla að láta gamlan draum rætast og stofna hlaupahóp. Helga er 42 ára hlaupastelpa, gift, tveggja stráka mamma. Helga hefur verið virk í hlaupum, þrjúbraut og útivist síðustu 20 árin, tekið þátt í fjölda almenningshlaupa og keppna og hefur hug á að miðla reynslu sinni til að efla og stækka samfélag hlaupara á Hornafirði.



Fyrsta æfing vetrarins
verður þriðjudaginn 7. sept.

Verð: 15.000 kr (16 vikur)

Þeir sem eru óákvæmnir mega æfa frítt
fyrstu vikuna.



Fyrir frekari upplýsingar sendið
tölvupóst á Helgu:
helga.arn@gmail.com

Gefur út sitt fyrsta lag



Á bak við fjöllin

Villa Magg

Nýlega kom út lagið *Á bak við fjöllin* með tónlistarmanninum Vilhjálm Magnússyni eða Villa Magg eins og hann kallar sig. Vilhjálmur er góðkunnur Hornfirðingur en hann hefur um árabil verið áberandi í menningalífinu í Sveitarfélaginu Hornafirði. Hann hefur komið að skipulagningu fjölda viðburða þ.á.m. Humarhátíð og tónlistarhátíðarinnar Vírdós og hefur einnig komið fram við hin ýmsu tækifæri bæði í hljómsveitum og sem trúbador. Í laginu fær hann góða aðstoð en Guðbjörg Anna Bergsdóttir syngur ásamt Villa og Júlíus Sigfússon spilaði á rafgítar, Birki Þór Önnuson spilaði gítar sóló og Hallur Ingólfsson spilaði á trommur, Þegar hann er ekki með gítarinn í hönd þá er hann forstöðumaður Vöruhússins og Fab Lab smiðjunnar hér á Höfn. Hægt er að hlusta á lagið á Spotify og hvetjum við Hornfirðinga að hlusta og er ánægjulegt að vita að það er meira efni væntanlegt!

Sláturfélagið Búi svf.

Boðar til félagsfunda sem haldnir verða mánudaginn
30. ágúst n.k. í Mánagarði, Nesjum og hefjast
kl.20.00

Fundarefnið er eftirfarandi:

Á fyrri fundi:

1. Árshlutauppgjör félagsins pr. 31. júlí 2021
2. Tillaga um stjórnarlausn 2021.
3. Tillaga um uppreikning stofnsjóðsinneignar með 4% ársvöxtum og verðbótum frá 1.janúar 2005 til 1. júlí 2021.
4. Tillaga um slit félagsins.

Á síðari fundi (sem haldinn verður strax að fyrri fundi loknum):

1. Tillaga um slit félagsins.
2. Tillaga um kjör skilanefndar.

Áriðandi að félagsmenn mæti vel og stundvíslega.

Stjórn Sláturfélagsins Búa svf.

HEFUR ÞÚ HLUSTAD Á HLAÐVARP EYSTRAHORNS ?



Hlaðvarp Eystrahorns eru viðtalsþættir við áhugavert fólk í samfélaginu okkar og veita hlustendum innsýn inn í líf þess og störf.

Hlustaðu á þættina á
www.eystrahorn.is/hladvarp
eða á Spotify



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Styrktaráskrift

Viltu styðja við útgáfu
Eystrahorns ?

Kynntu þér málið á:

[www.eystrahorn.is/
styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)

Nafnasamkeppni

-Um höfuðstöðvar velferðarsviðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar að Víkurbraut 24

Efnt er til nafnasamkeppni meðal íbúa Sveitarfélagsins Hornafjörður um heiti á húsinu að Víkurbraut 24 þar sem nú eru höfuðstöðvar starfsemi velferðarsviðs, en húsnæðið hefur verið endurbætt m.t.t. starfsemi sviðsins. Þátttaka fer fram á heimasíðu sveitarfélagsins og er frestur til að skila inn hugmynd að nafni til 9. september nk. Slóð á heimasíðu: <https://www.hornafjordur.is/thattaka/>

Með tilkomu húsnæðisins að Víkurbraut 24 sameinast öll starfsemi velferðarsviðs á einn stað. Áður voru starfsmenn með aðstöðu í Ráðhúsi, Nýheimum, skrifstofuhúsnæði í Nettó, íbúð á Silfurbraut 2, í Selinu við Víkurbraut 24, í Ekru og nú einnig í Mjallhvít, Víkurbraut 26. Aðbúnaður starfsfólks og þjónustubega batnar til muna með tilkomu húsnæðisins. Á velferðarsviði starfa í dag 26 starfsmenn auk 4 sérfræðinga þ.e. sálfræðingur, talmeinafræðingur, félagsráðgjafar og fjölskyldumeðferðarfræðingar sem vinna í verkstöku og koma reglulega 2-4 x í mánuði og eru aðallega frá Reykjavík.

Starfsemi velferðarsviðs skiptist annars vegar í fjölskyldu- og félagsþjónustu og hins vegar stuðnings- og virkniþjónustu.

Fjölskyldu- og félagsþjónusta

Fjölskyldu- og félagsþjónusta fer með málefni félagsþjónustu og barnaverndar.

Barnavernd

Barnavernd starfar samkvæmt barnaverndarlögum nr.80/2002 og veitir ráðgjöf og stuðning við foreldra, þjónustuveitendur við börn og samfélagið til að tryggja öruggar og heilbrigðar aðstæður barna. Ráðgjöf og stuðningur er veittur til foreldra til að styrkja þá í uppeldishlutverkinu. Stuðningsúrreiði geta verið margvísleg og er úrræði valið í samráði við foreldra eða forsjáraðila barns og barnið sjálft og gerður samningur, svokölluð áætlun um meðferð máls. Staða barnsins/fjölskyldunnar er höfð að leiðarljósi við val á stuðningsúrreiðum og lögð á það áhersla að stuðningur sé markviss og falli að þörfum hvers og eins.

Félagsþjónusta

Félagsþjónusta er starfrækt samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr.40/1991 og felur í sér félagslega ráðgjöf fyrir einstaklinga og fjölskyldur, ráðgjöf vegna langvarandi stuðningsþarfa meðal barna og fullorðinna, ráðgjöf við íbúa af erlendum uppruna, fjárhagsaðstoð, húsnæðismál, sérstakan húsnæðisstuðning og dagvist barna.

Félagsleg ráðgjöf tekur meðal annars til ráðgjafar vegna atvinnuleysis, veikinda, húsnæðisleysis, fjárhagsvanda, skertrar starfsgetu, fötlunar, öldrunar, málefna útlendinga, málefna barna og ungmenna, fjölskylduvanda og áfengis- og/eða annars vímuefnavanda.

Nýmæli í starfsemi er verkefnið



Verið er að ljúka framkvæmdum á lóð nýs húsnæðis velferðarsviðs

samkomulag eftir skilnað (SES) sem felur í sér ráðgjöf í skilnaðarmálum, forsjár- og umgengismálum, barnanna vegna.

Í júní 2020 var tekin ákvörðun um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með þátttöku í verkefninu Barnvænt sveitarfélag í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og UNICEF. Innleiðing er hafin og er ábyrgðin hjá velferðarsviði en barnvænt sveitarfélag er tekur stefnumótun í sveitarfélaginu hliðsjón af þeim sem og þjónusta við börn og fjölskyldur.

Þjónustan er opin alla virka daga kl.9-15 og er notendum að kostnaðarlausu.

Stuðnings- og virkniþjónusta

Starfsemi stuðnings- og virkniþjónustu er starfrækt m.a. samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr.125/1999 og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr.38/2018 Auk laga um félagsþjónustu sveitarfélags nr.40/1991.

Stuðnings- og virkniþjónusta fer með málefni er snúa annars vegar að virkniúrreiðum og starfsendurhæfingu og hins vegar að þjónustunni heim.

Virkníurræði og starfsendurhæfing

Í virkníurræði og starfsendurhæfingu fer fram greining og mat, einstaklingsmiðuð þverfagleg endurhæfing- atvinnu og/eða námstengd, ráðgjöf, sjálfseflingarnámskeið, heilsuefling og vinnusmiðjur.

Þjónustan Heim

Innan þjónustunnar Heim er félagsleg heimaþjónusta, dagdvöl, heimsendur matur og akstursþjónusta. Markmið þjónustunnar heim er að efla notandann til sjálfsbjargar og sjálfræðis og gera honum kleift að búa sem lengst á eigin heimili við sem eðlilegastar aðstæður. Þjónustan er stuðningsþjónusta inn á heimili, við fjölskyldur og einstaklinga og getur falið í sér aðstoð við athafnir daglegs lífs, aðstoð við heimilishald, félagslegan stuðning, aðstoð við umönnun barna og ungmenna og heimsendingu matar. Þjónustan heim vinnur náið með heimahjúkrun og Skjólgarði og er unnið að frekari samþættingu þjónustunnar í heild.

Matsnefnd tekur umsóknir til umfjöllunar

og starfsmenn nefndarinnar heimsækja umsækjanda og framkvæma færnimat til að meta þörf fyrir þjónustu samkvæmt reglum um félagslega heimaþjónustu. Niðurstöður færnimats eru lagðar fyrir nefndina og þjónusta sett í framkvæmd í samræmi við niðurstöðu mats. Þverfaglegt teymi félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar starfar með áherslu á samþætta þjónustu.

Dagdvöl fatlaðra

Dagdvöl fatlaðra er í Selinu sem er bakhús á Víkurbraut 24, þar fer fram stuðningur við virkni af ýmsu tagi og er matarþjónusta alla virka daga og á sunnudögum við notendur í sal að Víkurbraut 24.

Dagdvöl aldraðra

Í Ekru að Víkurbraut 30 er dagdvöl aldraðra og fer þar fram fjölbreytt starf sem tengist mjög félagsstarfi aldraðra. Þar er boðið upp á mat alla virka daga og á sunnudögum og er það hluti af félagsþjónustu aldraðra.

Eins og íbúum sveitarfélagsins er kunnugt hefur verið unnið í samvinnu við Embætti landlæknis að heilsueflandi samfélagi frá árinu 2016. Áherslur heilsueflandi samfélags eru lagðar til grundvallar í stuðnings- og virkniþjónustu í skipulagðri dagská með hreyfingu og almennri virkni til að fyrirbyggja félagslega einsgrun og/eða rjúfa hana. Í farvatninu er dagskrá með fjölbættri virkni fyrir aldraða og einstaklinga með skerta starfsgetu.

Umsóknir

Sótt er um þjónustu velferðarsviðs í íbúagátt sveitarfélagsins og/eða með símtali. Sími: 470-8000

Endurbætur á húsnæðinu að Víkurbraut 24

Endurbætur á húsnæðinu að Víkurbraut 24 hófust árið 2020 og mun ljúka nú í september með frágangi á lóð. Ekki hefur átt sér stað lokauppgjör á framkvæmdinni en kostnaðurinn við endurbæturnar er áætlaður 258 m.kr.

Þegar framkvæmdum lýkur verður íbúum boðið í heimsókn og fá að kynna starfsemi þar sem þar fer fram.


Skiptiblómamarkaður

Þó það sé rigning úti þá er sól og sumar í hjörtum allra þeirra sem eiga leið á bókasafnið þessa vikuna. Bæjarbúar keppast við að gefa frá sér sín fegurstu blóm til þess að gleðja allt og alla. Markaðurinn virkar þannig að fólk kemur með plöntur, blóm og afleggjara og svo geta allir komið og nælt sér í eitthvað fallegt. Vonandi kviknar áhuginn á blómum hjá þeim sem eru ekki háðir nú þegar! Strax á fyrstu klukkutímum komu heilu frumskógarnir í krukum, dósam, pokum, skyrdollum og glösum, þannig að fólk er greinilega spennt fyrir þessu. Það er líka gaman að sjá að ýmsar matjurtaflöntur hafa dúkkað upp á bókasafninu, s.s. chili, tómatar, grasker o.fl.

Gróska stendur fyrir viðburðinum en Gróska er félag fyrir félagslandbúnað á Höfn. Markmiðið er að ýta undir ræktun í heimabyggð, jafnvel að byrja að rækta lífrænt grænmeti næsta vor og standa fyrir ýmsum fræðsluviðburðum og þá sérstaklega fyrir skólana. Eitt af markmiðum Grósku væri líka að hvetja fólk til að rækta sinn eigin mat en það er gaman að sjá að það eru greinilega



margir í allskyns tilraunastarfsemi. Chili, tómatar, grasker og dödlur eru dæmi um plöntur sem hafa dúkkað upp á bókasafninu. Vonandi getum við ræktað eitthvað saman næsta sumar og lært hvert af öðru, það eru greinilega margir grænir fingur í bænum!



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

HEILSUEFLANDI SAMFELAG
Sveitarfélagið Hornafjörður
www.hornafjordur.is

Langar þig að gerast dagforeldri?

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir eftir áhugasömum aðila til að gerast dagforeldri á Höfn. Um er að ræða daggæslu í heimahúsi, en heimilt er að rækja starfið í öðru húsnæði eftir samkomulagi og að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Dagforeldri er heimilt að gæta 4-5 barna í einu og getur dvalartími alla virka daga allt að 9 tímar á dag, en sveitarfélagið niðurgreiðir til foreldra allt að 8 tíma á dag. Dagforeldrar eru sjálfstætt starfandi. Velferðarnefnd Hornafjarðar veitir starfsleyfi til dagforeldra og sinnir lögbundnu eftirliti með starfsemiinni en býður einnig fram stuðning til þess að uppfylla ákvæði laga og reglna um daggæslu í heimahúsum og útvega faglega ráðgjöf við dagforeldrana. Stutt verður við einstaklinga við að koma sér upp aðstöðu gerist þess þörf samkvæmt reglum Sveitarfélagsins Hornafjarðar um daggæslu í heimahúsum og niðurgreiðslu til dagforeldra, en þær má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins.

Áhugasamir vinsamlega hafi samband við starfsmenn velferðarsviðs í s. 470-8000 eða á netfangið skuliing@hornafjordur.is



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Styrktaráskrift Eystrahorns

Eystrahorn hefur verið gefið út frá því 1983 og hefur verið sent á hvert heimili í sveitarfélaginu, íbúum að kostnaðarlausu, undanfarin ár. Flestir eru sammála um að útgáfa sem þessi er mikilvægur þáttur í samfélaginu okkar. Útgáfan stendur oft mjög tæpt og gæti ekki staðið undir sér nema fyrir framlag fyrirtækja, stofnanna og einstaklinga á svæðinu. Við óskum því eftir því að Hornfirðingar styrki útgáfu blaðsins t.d. með mánaðarlegu framlagi. Nýtt kerfi hefur verið sett upp á heimasíðu Eystrahorns þar sem hægt er að styrkja blaðið með auðveldum hætti með mánaðarlegum greiðslum. Hægt er að segja upp áskriftinni hvenær sem er. Þökkum þeim sem nú þegar styðja við útgáfuna.

1 Farðu inn á heimasíðu Eystrahorns



www.eystrahorn.is/styrktaraskrift

2 Veldu mánaðarlega upphæð



3 Skráðu inn kortanúmer í öruggt áskriftarkerfi

Þitt framlag styrkir útgáfu blaðsins, kærar þakkar

✉ eystrahorn@eystrahorn.is

🌐 www.eystrahorn.is

☎ sími: 848-3933

